

## **116. fundur skólanefndar mánudaginn 10.október 2011 kl.17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.**

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskólans. Eyþór Benediktsson aðstoðarskólastjóri grunnskólans, Einar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi kennara grunnskólans, Elín Pálsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara leiksskólans, Hrefna Frímansdóttir og Haukur Garðarsson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 17:10

### **1. Skýrsla skólastjóra leikskólans**

1. Allir deildarstjórnarnir fóru á námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, námskeiðið fjallaði um leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun og efla félagsfærni barna. Fyrirspurn kom um hver borgar fyrir námskeiðið. Vísindasjóður greiðir fyrir þetta. Anna Lind Pétursdóttir er höfundur námskeiðsins.
2. Jón Pétur danskennari er byrjaður með dansnámskeið, hér fara tveir elstu árgangar leikskólans saman.
3. Bjarni Jónsson ljósmyndari kemur og tekur hópmyndir á öllum deildum og einstaklingsmyndir af þeim börnum sem óska þess.
4. Elísabet Björgvinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri fer að byrja að taka Hljóm 2 próf á elstu börnunum, þessi próf eru tekin að hausti og endurtekin eftir áramót fyrir þau börn sem þessa þurfa.
5. Inga sálfræðingur kemur 17. október og Ásta talmeinafræðingur kemur 21. október.
6. Aðalfundur foreldrafélagsins. Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn 24.okt. kosið verður í nýja stjórn, Foreldrar eldri barna detta sjálfkrafa út. Einhverjir halda áfram úr fyrri stjórn.
7. Ömmu og afadagur verður haldin 4. Nóv. Verður vel auglýstur síðar.

## 2. Skýrsla skólastjóra grunnskólans

### Októberpunktur GSS 2011

- Mánudagur 10.
  - Skólanefndarfundur kl. 17:00 / Inga sálfræðingur í skólanum.
- Þriðjudagur 11.
  - Bekkjarmyndir / einstaklingsmyndir á bókasafni skólans
- Miðvikudagur 12.
  - Áfram teknar myndir ( sjá tímaplan hjá ritara )
- Fimmtudagur 13.
  - Dans 2/4 hjá 1. – 6. bekk ( sjá tímaplan á töflu )
  - Nemendur í 7. og eldri mæti í Tónósalinn kl. 19:15 ( val )
- Föstudagur 14.
  - Áfram dansað hjá nemendum 2/4
  - Ráðstefna Skólastjórafélags Íslands handin í Reykjanesbæ
- Laugard/ sunnud.
  - Gisting í skólanum í st. 12,21,22, og 23 / ábm. Guðmunda skólaliði.
- Mánudagur 17.
  - Teymisfundir, auglýstir sérstaklega
- Miðvikudagur 19.
  - Skólahlaup kl. 9:45 – 10:25, áb. Íþróttaráð + Elín Ragna kennari/ skipulag á töflu.
  - Kennarafundur kl. 15:15
- Miðvikudagur 26.
  - Árgangafundir, auglýstir af árgangastjórum með smá fyrirvara.
- Fimmtudagur 27.
  - Dans ¾, sjá tímatöflur á kennarastofu.
- Föstudagur 28.
  - Áfram dansað ¾
- Laugard/sunnud.
  - Gisting í skólanum, stofuskipan á kennarastofu / ábm. blakd Snæfells

Samræmd próf. Þegar niðurstöður samræmdra prófa kemur inn mun skólastjóri gera grein fyrir þeim

Finnlandsferð. Góð þátttaka var í ferðinni og er beðið eftir punktum frá þátttakendum. Skólastjóri sjálfur mjög ánægður með ferðina. Sást vel hvað er gott í Grunnskóla Stykkishólms og einnig verið að skoða áhugaverð atriði sem komu fram þarna.

Foreldrabréf á föstudögum. Þeim fjölgar sem svara til baka sem er mjög jákvætt.

Búið að kjósa í foreldrafélag hjá Grunnskóla Stykkishólms. Magnús Bæringsson er formaður nefndarinnar.

Form á skólamyndatöku. Teknar eru myndir af öllum nemendum og nemendum boðið að kaupa myndir. Sendar verða út slóð á bekkjar- og einstaklingsmyndir á viðkomandi foreldra sem fólk getur valið úr. Það á ekki að vera hægt að skoða einstaklingsmyndir af öðrum börnum. Ljósmyndarinn sér alfarið um þetta og grunnskólinn hefur ekkert með þetta að gera. Ef skólinn vill nýta sér myndirnar líka verður skólinn að fá leyfi til að nota myndirnar, spurning hvort að þarf leyfi frá foreldrum til að nota myndir á einkasvæði á Mentor.

### **3. Skólastefna Stykkishólmsbæjar – næstu skref**

Núverandi skólastefna var gerð 2008 eða eftir lagabreytingu. Endurskoða á skólastefnur á fimm ára fresti að lágmarki. Spurning hvort að það ætti að byrja að endurskoða þessa, á að taka hluta af henni eða taka hana alla fyrir í einu. Það vantar sárlega ytra álit á skólastefnu.

Umræður voru um hvort að það þyrfti að samræma skólastefnur aðeins betur, t.d. varðandi uppsetningu og tekið er fram skólastefnu tónlistarskóla að nemendur eigi að klára sína tíma á (grunn)skólatíma, hins vegar er ekkert sagt um það í skólastefnu grunnskóla. Einhverjir foreldrar hafa óskað eftir því að nemendur séu ekki teknir úr tímum í grunnskólanum til að fara í tónlistartíma.

Samþykkt var að skólanefnd semji ályktun og sendi til bæjarstjórnar.

Skólanefnd skorar á bæjarstjórn að segja sitt álit á stefnunni og hvort þeir vilji sjá áherslubreytingar eða fylgja óbreyttri stefnu. Einnig voru umræður um að það

vantaði almenna stefnu yfir alla skólana (regnhlíf) og að yfirvöld bæjarins ættu að koma meira að stefnunni en ekki láta bara skólana um koma með sínar stefnur.

#### **4. Vefsíður skólanna**

Grunnskólinn:

Vefsíðan er hluti af heildarlausn bæjarins. Kvartað hefur verið yfir að það sé löng leið að efni á vefsíðum grunnskólans og erfitt að finna það. Erfitt er að gera mikið í því nema að reyna að flokka betur í stýringu á vinstri hlið, hafa meira lýsandi flokka.

Vefsíður leiksskólans og grunnskólans eru mjög lifandi og nýtt efni kemur reglulega inn.

#### **5. Ytra mat Mennta- og menningarmálaráðuneytis á skólunum**

Leikskólinn var valinn í úttekt frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og beinist sú úttekt að innra mati leiksskólans. Fulltrúar í skólanefnd eru mjög ánægðir með þetta og voru sammála um gagnsemi þessarar úttektar.

#### **6. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður 16. 23. eða 30. nóvember og verður ekki formlegur skólanefndarfundur, heldur hitta fulltrúar í skólanefnd kennara grunnskólans . Einar Gunnarsson hefur samband við formann og lætur vita um tíma sem gæti hentað kennurum.

Fundi slitið klukkan 17:57

Fundargerð ritaði Haukur Garðarsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (sign),

Hrefna Frímannsdóttir (sign),

Haukur Garðarsson (sign),

Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskólans (sign),

Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leiksskólans (sign),  
Eyþór Benediktsson aðstoðarskólastjóri grunnskólans (sign),  
Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi kennara í leiksskólanum (sign),  
Einar Gunnarsson fulltrúi kennara í grunnskólanum (sign).